

# Ein þekktasta myndlistakona Finna sýnir í Norræna húsinu

HÉR Á landi er nú staddur einn af þekktustu listamönnum Finna, Ulla Rantanen, en hún er myndlistakona. Ulla er hér í boði Norræna hússins og Félags íslenskra myndlistarmanna og mun hún halda sýningu í kjallara Norræna hússins dagana 5.—20. maí.

Ulla Rantanen er fædd árið 1938 í Keitele í Finnlandi og nam hún við Listaháskóla Finna 1955—1959. Hún hefur sýnt verk sín víða um heim og jafnt tekið þátt í samsýningum sem og haldið einkasýningum. Þá hefur hún verið fulltrúi lands síns bæði á listasýningum í Fenevjum og í París.

Ulla hefur unnið til margra verðlauna og meðal annars fékk hún fyrstu verðlaun á Cagnes-sur-mer-sýningunni í Frakklandi 1980. Verk eftir hana eru í eigu safna á Norðurlöndum og víðar um Evrópu. Á þessu ári var Ulla útnefnd styrkþegi finnska ríkisins og fær hún laun næstu 15 árin og er styrkur þessi án allra skilmála.

Á sýningu hennar hér eru um 30 myndir, málverk, grafíkmyndir og teikningar. Til að vinna að sýningunni hér fékk hún styrk frá Menningarsjóði Finnlands og Íslands.


Ulla Rantanen hefur tvisvar áður komið hingað til lands, fyrst árið

1972 er hún kom hingað og tók þátt í samsýningu á Kjarvalsstöðum og árið 1982, en þá dvaldist hún hér í tvær vikur og ferðaðist vítt og breitt um landið.

Í samtali við blm. Mbl. sagði Ulla að hún hefði fengið þennan styrk frá Menningarsjóði Finnlands og Íslands árið 1980 og þá hefði hún farið að huga að þessu verkefni og m.a. heimsótt Ísland í þeim tilgangi að víða að sér efni fyrir hana. Sagði hún að elstu myndirnar á þessari sýningu væru frá árinu 1981 og hefði hún í sumum þeirra gengið út frá íslensku landslagi og sínum upplifunum á því. Hún sagðist hafa upplifað landslagið hér á mjög sterkan hátt og fundist mikið koma til þess yfir hversu miklum krafti það byggði.

Ulla sagði að lokum að hér á landi hefði hún eignast marga vini og að hún væri ánægð með að hafa fengið þetta tækifæri til að koma hingað og setja upp þessa sýningu en það hefði hún ekki getað nema með tilkomu þessa styrks. Kvaðst hún að þessu sinni ætla að dveljast hér á landi í u.þ.b. þrjár vikur og ferðast um landið.

Sýning Ullu Rantanen verður opnuð kl. 15 næstkomandi laugardag og lýkur henni sunnudaginn 20. maí.



Ljós. Mbl. RAX.

Einar fyrir framan eitt nýjasta olíumálverk sitt á sýningunni, en það heitir „Skipbrotsmaður“. Einar sagði hugmyndina að málverkinu fengna frá hinu frækilega afrekssundi Guðlaugs Friðþórssonar til Heimaeyjar eftir að bátur hans, Helliðsey, sökk.

Tíunda og stærsta einkasýning Einars Hákonarsonar opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun:

## Litavalið hefur mildast

### segir listamaðurinn sem sýnir 79 olíumálverk og 89 grafíkverk

EINAR Hákonarson myndlistarmaður opnar tíundu einkasýningu sína á Kjarvalsstöðum nk. laugardag, 5. maí. Sýningin, sem er sölusýning, er sú stærsta sem Einar hefur sett upp og er hún tvískipt. Annars vegar sýnir hann 79 olíumálverk, unnin á tveimur síðustu árum, og hins vegar 89 grafíkmyndir, en sá hluti sýningarinnar er eins konar yfirlitssýning á grafíkverkum Einars allt frá upphafi listamannsferils hans. Þriðjungur grafíkverkanna er myndir, sem Einar sýndi í Unehúsi árið 1969,


en það var fyrsta grafíkverkasýning hérlends listamanns á Íslandi.

Þetta er fyrsta einkasýning Einars eftir að hann hætti störfum sem skólustjóri Myndlista- og handiðaskólans fyrir tveimur árum. Hann sagði, er blaðamaður Mbl. hitti hann að máli á Kjarvalsstöðum fyrir í vikunni, að þennan tíma hefði hann getað helgað sig myndlistinni óskiptur og afraksturinn væri þessi sýning. Einar sagði að kveikjan að grafíkverkasýningunni væri sú, að forráðamenn áhugamannafélags í Hallgrímskirkjusókn hefðu bedið sig að taka saman grafíkverk til sýningar í anddyri Hallgrímskirkju. Grafíkverkasýningin samanstæði því af grafíkverkum allt frá upphafi listamannsferils hans, en um 30 myndir eru nýjar. Hann sagði enn fremur að þrátt fyrir að gerð grafíkverka væri tímafrek

hefði hann alltaf gert eina og eina á meðan hann stundaði kennslu og skólustjórn Myndlista- og handiðaskólans í 14 ár.

Aðspurður um hvert meginviðfangsefnið væri á sýningunni sagði hann: „Mannlíf og fólk.“ Einar sagði myndefnið tilkomið frá áhrifum umhverfisins, þá eru nokkrar myndanna trúarlegs efnis, t.d. stórt olíumálverk af Kristi í Hljómskálagarðinum. Listamaðurinn var spurður, hvort hann greindi sjálfur breytingar í listsköpun sinni frá síðustu sýningu fyrir tveimur árum. „Já, litirnir hafa mildast. Ég var í miklum andstæðum, en litavalið er mildara núna,“ svaraði hann.

Sýningin verður á Kjarvalsstöðum eins og fyrr greinir. Hún verður opnuð nk. laugardag og stendur yfir til 20 maí nk.



Morgunblaðið/Ó.L.K.M.

Myndlistakonan við eitt verka sinna sem verða á sýningunni.

LR frumsýnir Fjöreggið, fyrsta sviðsverk Sveins Einarssonar:

## Væri hræsnari segðist ég ekki vera með prófskrekki

— segir Sveinn Einarsson

LEIKFÉLAG Reykjavíkur frumsýnir næstkomandi miðvikudag fyrsta sviðsleikrit Sveins Einarssonar, Fjöreggið. Það gerist í Reykjavík á okkar dögum á heimili velstæðrar fjölskyldu og fjallar um ólík viðhorf og skoðanir þriggja kynslóða. Leikstjóri er Haukur J. Gunnarsson en leikendur 15 alls.

Blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við Svein í tilefni þessarar sýningar og innti hann eftir efni verksins og þeirri tilfinningu sem felst í því að vera leik- eða leikhússtjóri. „Verkið fjallar um fólk á mínum aldri, fjölskyldu í Reykjavík í dag og mismunandi leiðir þriggja ættliða til að ná settu marki. Það er hugsanlega að einhverju leyti táknrænt fyrir það, sem nú er að gerast og áhorfendur ættu tímæla-laust að kannast við sjálfa sig eða einhverja, sem þeir þekkja vel. Það


ætti einnig að vera táknrænt fyrir þann heim, sem við lifum í, þar sem menn eru mismunandi fjáðir.

Það er annars kosturinn við þetta, að ég er ekki leikstjóri verksins líka, ég hef fengið mjög góðan leikstjóra, Hauk Gunnarsson, og eins hitt, að væri ég við leikstjórnina líka væri ég sennilega alveg farnin á taugum. Ég lít því ekki á þetta þannig, að ég sé fórnarlamb leikstjóra heldur tel ég mig hafa dottið í lukkupottinn. Þetta er ný og ævintýrleg tilraun og í henni blandast saman nýjar og gamlar tilfinningar. Ég er algjör byrjandi á sviði leikritunar, en þó vel kunnugur leikhúslífinu. Ég væri því hræsnari ef ég segði að ég væri ekki með prófskrekki, það fylgir alltaf frumsýningu og þegar maður reynir að vanda sig er alltaf einhver skrekkiur í manni. Sjálf sagt hefur mig lengi langað til að skrifa leikrit fyrir

svið, þó ekki hafi orðið af því fyrr en nú. Ég byrjaði til dæmis á þessu verki 1981 en gat ekki lokið því og býið undir sýningu fyrr en ég var laus undan embættisskyldum við Þjóðleikhúsið,“ sagði Sveinn Einarsson.

Haukur J. Gunnarsson, leikstjóri, sagði í samtali við Mbl., að samvinna þeirra Sveins væri mjög góð og það væri mikið munur að hafa nána samvinnu við höfund, sem þekkti jafnvel og hann til leikstjórnar og leikhússins. Þetta væri fyrsta nýja íslenska verkið, sem hann setti upp með atvinnuleikurum og mjög gott hefði verið að vinna það. Aðeins hefði orðið um smávægilegar breytingar á því að ræða frá því æfingar hófust og þetta hefði gengið mjög vel.

Lýsingu verksins annast Daníel Williamsson og leikmynd og búa-inga gerir Steinþór Sigurðsson. Með stærstu hlutverk fara Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Ásmunds-



Morgunblaðið/KÖE.

Glatt á hjalla á æfingu Fjöreggsins. Frá vinstri: Haukur J. Gunnarsson, leikstjóri, Pálmi Gestsson, leikari, Þorsteinn Gunnarsson, leikari, Gísli Halldórsson, leikari, Sveinn Einarsson, höfundur verksins og Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona.

dóttir, sem leika hjónin á heimilinu, Lilja Þórisdóttir og Pálmi Gestsson, sem leika börn þeirra og Gísli Halldórsson, sem leikur afann.

Höfundurinn, Sveinn Einarsson, ætti að vera flestum kunnur fyrir störf sín að leiklistarmálum. Hann gegndi embætti leikhússtjóra LR 1963 til 1972 og var síðan Þjóðleikhússtjóri frá 1972 til 1983. Hann hefur jafnframt sett upp fjölda leiksýninga, nú síðast Brúðheimil-

id í Færejum með þátttöku tveggja íslenskra leikara, Péturs Einarssonar og Borgars Garðarssonar. Sveinn hefur samið útvarps- og sjónvarpsleikrit og gert leikgerðir eftir þremur verka Halldórs Laxness.

Haukur J. Gunnarsson hefur áður sett upp sýningar hjá LR og Þjóðleikhúsinu auk sýninga úti á landi svo og víða á Norðurlöndum.